

um byggingu þurrkvíar á Patreksfirði.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera fullkomna kostnaðaráætlun um byggingu þurrkvíar innan Patreksfjarðarhafnar, er taki allt að 18 þús. smálesta skip til hreinsunar og viðgerðar. Skal áætluninni lokið svo fljótt sem verða má og hún síðan send sjávarútvegsnefndum Alþingis.

Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þann 12. apríl 1943 var samþykkt á Alþingi till. til þál. um að skipa nefnd til þess að „rannsaka skilyrði fyrir byggingu og starfrækslu fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík.“ Nefndin var skipuð þ. 28. júní s. á., og skilar hún ýtarlegu álitni þ. 10. nóv. 1943. Er engin ágreiningur um málið innan nefndarinnar. Kemst hún m. a. að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að byggja þurrkví, er taki 6000 smál. skip, auk ýmissa annarra framkvæmda í sambandi við skipasmíðastöðina, og leggur áherzlu á, að byrjað sé sem fyrst á því verki. Hafði nefndin kynnt sér allar aðstæður innan Reykjavíkurhafnar og nágrennis og komizt að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri að byggja smíðastöðina og þurrkvína við voginn fyrir innan sjúkrahúsið á Kleppi. Í tilefni af þessu var borið fram frv. á Alþingi um breytingu á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, þar sem kveðið var svo á, að ríkissjóður legði fram $\frac{2}{5}$ kostnaðar, allt að 2 millj. króna, til byggingar þessara mannvirkja, gegn $\frac{3}{5}$ framlags frá Reykjavíkurhöfn, og auk þess heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 millj. króna lán, er Reykjavíkurhöfn kynni að taka til þessara framkvæmda. Varð frv. þetta að lögum á því þingi. Þrátt fyrir það að þá voru hér hin erfiðustu skilyrði til þess að taka upp skip til viðgerðar og hreinsunar, hafðist Reykjavíkurhöfn ekkert að um framkvæmdir í þessum málum, m. a. vegna þess, að hún taldi önnur verkefni meira aðkallandi, enda byggingarnar allar, sem fyrirhugaðar voru, svo fjárfrekar, að 5 millj. kr. væri aðeins brot af því fé, sem nauðsynlegt væri til framkvæmdanna. Og við þetta situr enn eftir 7 ár. Á þessu tímabili hefur þó verið komið hér upp nýrri dráttarbraut, er tekið getur allt að 1500 smál. þunga, en hvergi nærri fullnægir þeirri þörf, sem nú er fyrir hendi um upptöku skipa til hreinsunar og viðgerðar. Hefur ríkissjóður tekið á sig ábyrgð á 3 millj. kr. vegna byggingar brautarinnar. Samfara þessu hefur ríkisstjórninni verið heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs annað lán, að upphæð 3 millj. kr., til þess að koma upp annarri dráttarbraut fyrir innan Klepp, er lyft gæti allt að 2500 smál. þunga. Er ljóst, að þótt slík braut yrði byggð, mundi hún ekki heldur fullnægja þörfinni, þar sem hún gæti ekki heldur tekið upp öll þau skip, sem hér eru í landinu, hvað þá þau, sem leita hingað á hverjum tíma.

Ríkisstjórnin leitaði nýlega álits manna úr nefnd þeirri, er áður hafði um þessi mál gert tillögur, svo og álits vitamálastjóra, forstjóra Landssmiðjunnar og hafnarstjórans í Reykjavík, á því, hve brýn þörf væri á byggingu þurrkvíar, og á því, hvort hin fyrirhugaða dráttarbraut fyrir 2500 smál. þunga gæti að fullu bætt úr þörfinni um lengri tíma, ef byggð væri. Voru allir þessir aðilar sammála um, að mjög aðkallandi væri að koma upp hér á landi þurrkví, sem væri nægilega stór til þess að taka 18 þús. smálesta skip til hreinsunar og viðgerðar. En slík þurrkví mundi að sjálfsögðu kosta mjög mikið fé. Var álitnið, að hún hefði ekki rúm innan Reykjavíkurhafnar, og talið eðlilegast, að hún yrði nálægt þeim stað við Klepp, er millipinganefndin benti á á sínum tíma. Væri þó óhjákvæmilegt að byggja þar dýra varnargarða og bryggjur til að athafna sig við fyrir þau skip, sem taka skyldi í kví.

Á Patreksfirði er nú verið að ljúka við þá merkilegustu hafnargerð, sem til þekkist á Íslandi. Er höfnin gerð að mestu leyti á þurru landi, mól og þéttur leir grafið upp, járnþil rekin niður og bryggjur steyptar, allt áður en sjó er hleypt inn í höfnina. Hefur jarðvegurinn bæði í veggjum og botni reynzt svo traustur og þéttur, að engir erfiðleikar voru á því að halda sjónum úti á meðan gröftur fór fram og mannvirkin í höfninni byggð. Er þessu var lokið, var skurður grafinn til sjávar, og er því verki nú að verða lokið. Í höfninni er nægilegt rúm fyrir þurrkví af þeirri stærð, sem hér er ætlað til, að byggð verði. Þykir víst, að byggingarkostnaðurinn verði sáralítið brot af þeim kostnaði, sem þurrkvíin mundi kosta, ef hún yrði byggð hér í Reykjavík.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, er þess vænzt, að þáttill. verði samþ.